

Borgarstjórn Reykjavíkur
3. júní 2025

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stækkun athafnasvæðis
Knattspyrnufélagsins Víkinga**

Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sín um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkinga í Stjörnugróf í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. júlí 2008. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar að Stjörnugróf 18 en lóðarleigusamningur vegna hennar rann út í árslok 2016. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í Bústaðahverfi, Fossvogi, Háaleiti og Smáibúðahverfi.